

TILLAGA

Ályktunartillaga skóla- og frístundaráðs vegna eflingar námsefnisgerðar

Skóla- og frístundaráð skorar á íslenska ríkið að setja í forgang að útbúa námsefni fyrir öll fög og alla bekki, í samræmi við endurskoðun á aðalnámskrá grunnskóla sem tók gildi haustið 2024. Jafnframt er skorað á ríkið að tryggja nægt fjármagn til kaupa á námsefni, svo nemendur og kennarar hafi aðgang að vönduðu námsefni.

Lög um námsgögn nr. 71/2007 kveða á um ábyrgð og stuðning ríkisins við þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, sem og öflun námsgagna fyrir grunnskóla. Þrátt fyrir skýr lagafyrirmæli um ábyrgð ríkisins er framboð á námsgögnum takmarkað og fjármagn til þróunar og kaupa á námsefni hefur rýrnað um árabil. Um 70% kennara nota námsefni sem útbúið er í skólanum oft eða mjög oft. Það eykur álag á skólakerfið og gerir kennurum erfiðara fyrir að sinna kennslu með þeim verkfærum sem þeir þurfa.

Rannsóknir á áhrifaþáttum í menntun sýna að gæði námsgagna eru ein af grunnstoðum árangursríks skólastarfs, ásamt skýrri aðalnámskrá og sjálfstæðum, fagmenntuðum kennurum. Alþjóðlegar rannsóknir á starfsaðstæðum kennara benda jafnframt til þess að íslenskir kennarar verji meiri tíma í undirbúning og stjórnsýsluleg verkefni en kennarar í flestum samanburðarlöndum. Þegar lögbundið námsefni er ekki til staðar, eða er orðið úrelt, þurfa kennarar að fylla í eyðurnar sjálfir. Það dregur úr tíma til eiginlegrar kennslu, faglegs undirbúnings og þróunar skólastarfs.

Skortur á fjölbreyttu og vönduðu námsefni bitnar ekki síst á þeim nemendum sem þurfa mest á stuðningi að halda, þar á meðal börnum sem alast upp við félagslega krefjandi aðstæður og börnum með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Slíkur skortur getur aukið ójöfnuð milli nemenda og þrýsting á sérkennslu og stoðþjónustu.